

REYKHÓLASKÓLI



ÁRSSKÝRSLA
SKÓLAÁRIÐ 2014-2015

JÚNÍ 2015

ÁRSSKÝRSLA REYKHÓLASKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2014-2015
JÚNÍ 2015

ÚTGEFANDI: REYKHÓLASKÓLI
SKÓLABRAUT 1
380 REYKHÓLAHREPPUR
SÍMI 434 7806
NETFANG skolastjori@reykholar.is
VEFFANG www.reykholar.is/skoli

1. FORMÁLI

Ársskýrsla Reykhólaskóla kemur nú út í fimmta sinn. Markmið með útgáfu hennar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Reykhólaskóla ár hvert, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans (www.reykholar.is/skoli) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til mennta- og menningamálanefndar Reykhólahrepps, stjórnar foreldrafélagsins, skrifstofu sveitarstjórnar og bókasafns Reykhólaskóla og einnig mun hún liggja frammi á kaffistofu starfsmanna skólans. Skýrslan er einnig gefin út á rafrænu formi og þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri.

Efnisyfirlit

1. FORMÁLI	3
2. INNGANGUR	7
3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	8
3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR	8
3.2 SKÓLARÁÐ	8
3.3 FORELDRAFÉLAG LEIK- OG GRUNNSKÓLADEILDAR	8
3.4 NEMENDARÁÐ.....	8
3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ	9
3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	9
3.7 NEMENDAFJÖLDI.....	9
3.8 SKÓLALÓÐ	11
3.9 SKÓLAAKSTUR	11
3.10 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	12
3.11 SKIPULAG KENNSLU	12
<i>Viðmiðunarstundaskrá og skipting námsgreina</i>	13
4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR	15
4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	15
4.2 NÁMSMAT	16
5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR	17
5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	17
5.2 NÁMSMAT	18
6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. OG 4. BEKKJAR	19
6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	19
7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. OG 6. BEKKJAR	21
7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	21
7.2 NÁMSMAT/SÍMAT	22
7.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF	22
8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7.-10. BEKKJAR	23
8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	23
8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	24
8.3 NÁMSMAT	24
8.4 VIÐBURÐIR	24
9. SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA	25
10. SKÝRSLA SUNDKENNARA	26
10.1 KENNSLUADFERÐIR	26
10.2 NÁMSMAT	26
11. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI	27
11.1 SÉRKENNSLUTEYMI	27
11.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA.....	28

11.3	GREININGAR	29
11.4	ÁBYRGÐ OG ÖNNUR VERKEFNI SÉRKENNSLUTEYMIS	29
11.5	INNTAK OG ÁHERSLUÞETTIR SÉRKENNSLUNNAR	30
11.6	INNTAK OG ÁHERSLUÞETTIR IÐJUPJÁLFUNARINNAR	31
11.7	INNTAK OG ÁHERSLUÞETTIR ÞROSKAPJÁLFUNARINNAR	32
12.	SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA	33
13.	SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA	35
14.	SKÝRSLA MYNDMENTAKENNARA	36
14.1	KENNSLUADFERÐIR	36
14.2	NÁMSEFNI/GÖGN	36
14.3	NÁMSMAT	36
15.	SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA	37
15.1	KENNSLUADFERÐIR	37
15.2	NÁMSEFNI	37
15.3	NÁMSMAT	37
16.	SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA	38
16.1	KENNSLUADFERÐIR	38
16.2	NÁMSEFNI OG NÁMSMAT	38
17.	VAL	39
18.	FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA	40
18.1	FERÐALAG NEMENDA Í 1.-4. BEKK	40
18.2	FERÐALAG NEMENDA Í 5.-7. BEKK	40
18.3	FERÐALAG NEMENDA Í 8.-10. BEKK	41
19.	FÉLAGSSTARF	43
20.	SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR	45
20.1	ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	45
20.2	DAGLEGT STARF	45
20.3	SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA	46
21.	SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA	47
21.1	1. ÁGÚST TIL 1. NÓVEMBER 2014	47
21.2	1. NÓVEMBER 2014 TIL 1. FEBRÚAR 2015	51
21.3	1. FEBRÚAR TIL 7. APRÍL 2015	56
21.4	TÍMABILID 8. APRÍL TIL 30. JÚNÍ 2015	58
22.	ÞRÓUNARVERKEFNI	61
23.	STUNDASKRÁR	62
23.1	STUNDASKRÁ 1. OG 2. BEKKJAR	62
23.2	STUNDASKRÁ 3. OG 4. BEKKJAR	62
23.3	STUNDASKRÁ 5. OG 6. BEKKJAR	62
23.4	STUNDASKRÁ 7. TIL 10. BEKKJAR	63
24.	NIÐURSTÖÐUR	64

2. INNGANGUR

Nýr skólastjóri tók við keflinu skólaárið 2014-2015, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir grunnskólakennari, sem starfað hefur við skólann undanfarin 12 ár. Skólastarfið hófst á tveimur starfsdögum hjá starfsmönnum leikskóladeildar 11.-12. ágúst. Leikskólinn var opnaður 13. ágúst og voru 16 börn skráð í hann. Skólahald í grunnskóladeild hófst 15. ágúst með starfsdögum kennara. Skólasetning var föstudaginn 22. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum þeirra. Skóli hófst samkvæmt stundaskrá strax að lokinni setningu.

Í grunnskóladeild starfa fimm grunnskólakennarar ásamt skólastjóra, þar af einn sérkennari, leiðbeinandi, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari í hálfu starfi, tómsfundafulltrúi í hlutastarfi, fjórir stuðningsfulltrúar og tveir skólaliðar. Á leikskóladeildinni starfa fimm, einn leikskóla- og sérkennaramenntaður deildarstjóri og fjórir leiðbeinendur. Tveir starfsmenn eru í fæðingarorlofi.

Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir er staðgengill skólastjóra meðan grunnskólinn er starfræktur og í leikskólanum er Bryndís Héðinsdóttir staðgengill skólastjóra.

3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir, staðgengill skólastjóra

Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar ágúst til október

Bryndís Héðinsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar febrúar til júní

3.2 SKÓLARÁÐ

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Áslaug Berta Guttormsdóttir, grunnskólakennari

Anna Björg Ingadóttir, grunnskólakennari

Friðrún Hadda Gestsdóttir, stuðningsfulltrúi

Ágústa Kristín Bragadóttir, leiðbeinandi í leikskólanum

Aðalbjörg Egilsdóttir, nemandi í 9. bekk

Ingimundur Mikael Ingimundarson, nemandi í 10. bekk

Bjarni Þór Bjarnason, fulltrúi foreldra

Eiríkur Kristjánsson, fulltrúi foreldra

3.3 FORELDRAFÉLAG LEIK- OG GRUNNSKÓLADEILDAR

Ingibjörg Smáradóttir

Agnieszka Anna M. Kowalczyk

Játvarður Jökull Atlason

3.4 NEMENDARÁÐ

Ingimundur Mikael Ingimundarson

Aðalbjörg Egilsdóttir

Aron Viðar Kristjánsson

Ásdís Birta Bjarnadóttir

3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Andrea Björnsdóttir, þroskaþjálfari

Gróa Dal, skólahjúkrunarfræðingur

María Játvarðardóttir, félagsmálastjóri Reykhólahrepps

3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Brynjólfur Brynjólfsson, sálfræðingur

Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur

3.7 NEMENDAFJÖLDI

Í upphafi skólaárs voru nemendur leikskóladeildar 16 talsins, 9 stelpur og 7 strákar. Tvær stúlkur bættust í hópinn um veturinn og voru nemendur orðnir 18 í lok skóla.

Nemendum í grunnskóladeildinni fjölgaði einnig. Við upphaf skólaárs voru nemendur 41 en um áramótin hafði fjölgað í 44. Á vormánuðum hættu 2 nemendur og voru 42 nemendur úr grunnskóladeild útskrifaðir. Nemendur þetta skólaár voru alls 60.

Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs. Tafla 2 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar eftir hópi, aldri og kyni. Áætlað er að nemendafjöldi næsta skólaár verði 49 í grunnskóladeild og 16 í leikskóladeild.

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar vorið 2015.

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónarkennari
1.	3	1	2	Steinunn Ó. Rasmus
2.	8	6	2	Steinunn Ó. Rasmus
3.	5	3	2	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
4.	5	4	1	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
5.	6	5	1	Anna Björg Ingadóttir
6.	4	2	2	Anna Björg Ingadóttir
7.	6	2	4	Svanborg Guðbjörnsdóttir
8.	2	1	1	Svanborg Guðbjörnsdóttir
9.	1	0	1	Svanborg Guðbjörnsdóttir
10.	1	1	0	Svanborg Guðbjörnsdóttir

Tafla 2: Sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar vorið 2015.

Árgangur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Deild	Hópstjóri
2014	1	0	1	Yngri	Bergljót Bjarnadóttir
2013	5	3	2	Yngri	Bergljót Bjarnadóttir
2012	2	0	2	Yngri	Bergljót Bjarnadóttir
2011	3	3	2	Eldri	Ágústa Bragadóttir
2010	2	0	2	Eldri	Ágústa Bragadóttir
2009	5	2	3	Eldri	Ágústa Bragadóttir

3.8 SKÓLALÓÐ

Kringum skólann er stór lóð, en brýn þörf er þó á ákveðnum úrbótum. Stærstur er leikvöllur við leikskóladeild skólans. Ekki hefur verið unnið í leikskólalóðinni í vetur, en hún þarfnast úrbóta. Enn hafa ekki verið gerðar úrbætur á leiktækjum grunnskóladeildar, en í ábendingum frá úttektaðilum kom fram að lækka þyrfti leiktæki á skólalóð. Síðasta vetur voru sett upp ljós við sparkvöllinn. Búið er að teikna og bjóða út hluta af skólalóðinni. Einnig er búið að kaupa tæki til að setja upp. Stefnt er að því að vinna í lóðinni sumarið 2015. Er það von okkar að þetta verði tilbúið fyrir skólaárið 2015-2016.

3.9 SKÓLAAKSTUR

Tíu nemendur grunnskóladeildar og átta nemendur leikskóladeildar koma og fara með skólabílum. Akstursleiðir eru þrjár: Gufudalur, Innsveitin og Reykjanesið. Skólabílstjórar eru Þráinn Hjálmarsson (Gufudalur), Vilberg Þráinsson (Innsveitin) og Rebekka Eiríksdóttir (Staður). Nemendum leikskóladeildar stóð til boða að þiggja laus sæti í skólabílum.

Tafla 3: Fjöldi nemenda sem koma og fara með skólabíl.

Leið	Fjöldi	Grunnskóladeild	Leikskóladeild	Bílstjóri
Gufudalur	7	5	2	Þráinn Hjálmarsson
Innsveit	8	3	5	Vilberg Þráinsson
Reykjanes	2	2	0	Rebekka Eiríksdóttir

3.10 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Við í Reykhólaskóla leggjum mikla áherslu á að vinna og læra í góðum tengslum við náttúruna og nærumhverfið, enda er Reykhólaskóli „skóli á grænni grein“. Veðrið hefur þó ekki verið okkur hagstætt þennan veturinn til að vera með kennslu utandyra. Við leggjum okkur fram við að skapa andrúmsloft og umhverfi þar sem nemendum líði vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi. Við leggjum áherslu á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms eins og mögulegt er, jafnframt því að samvinna og jákvæðni séu aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans. Kjörorð skólans er „Vilji er vegur“.

Í vetur hefur áherslan verið á að sameina leik- og grunnskóladeildina enn betur. Nemendur í skólahópi hafa komið 6 sinnum í viku í kennslu með 1. og 2. bekk, þrisvar í bóklega tíma, tvisvar í íþróttir og einu sinni í tölvutíma. Einnig hafa nemendur í 1. og 2. bekk farið í heimsókn í leikskólann tvisvar í viku. Þetta hefur reynst vel.

Í vetur var Skólapúlsinn fenginn til að leggja fyrir kannanir bæði hjá foreldrum og starfsmönnum til að kanna hug þeirra til skólans. Ekki er búið að vinna endanlega úr þeim, þó að við fyrstu sýn virðist foreldrar og starfsmenn nokkuð ánægðir. En það eru einstök atriði sem þarfnast úrbóta.

3.11 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í

kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

Tafla 4: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Námssvið Námsgreinar	1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku	5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku	8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku	1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	100,00%

Tafla 5: Skipting námsgreina skólaárið 2014-2015 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	7	7	7	7	6	6	6	6	6	6
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Danska	0	0	0	0	0	0	2	3	3	3
Enska	1	1	1	1	3	3	4	4	4	4
Samfélagsfræði	3	3	3	3	4	4	3	3	3	3
Náttúrufræði	2	2	2	2	4	4	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1
Hönnun og smíði	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1
Textíl	1	1	1	1	2	2	2	2	2	2
Myndmennt	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Tónmennt	1	1	1	1	0	0	0	0	0	0
Val	1	1	1	1	1	1	1	2	2	2
Samtals	30	30	30	30	36	36	35	37	37	37
Viðmið	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

Nemendur í 1. bekk voru þrjú talsins, 1 strákur og 2 stúlkur. Samkensla var með 2. bekk. Umsjónarkennari hópsins var Steinunn Ó. Rasmus og kenndi hún íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, textíl og tónmennt. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og myndmennt, Anna Björg Ingadóttir kenndi upplýsingatækni, Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir kenndi sund, Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi samfélagsfræði og íþróttir.

4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Áhersla er lögð á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu og séu virkir þátttakendur í því og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað var um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Stafainnlögn var að mestu lokið við lok 2. annar. Þá voru nemendur almennt orðnir mjög sjálfstæðir í vinnubrögðum og komnir vel á veg. Í lestrarkennslunni var stuðst við námsefnið Listin að lesa og skrifa, leshefti og vinnubækur, ásamt ýmsum heimatilbúnum stafa- og hljóðgreiningarheftum. Sögugerð var að jafnaði einu sinni í viku og í skrift var notuð forskrift frá kennara.

Grunnefni í stærðfræði var Sproti 1a og 1b og sumir nemendur luku 2a. Einnig var notað gamalt efni sem hentaði hverjum og einum og hver og einn vann á sínu getu- og hraðastigi.

Námsefnið í íslensku og stærðfræði var einstaklingsmiðað og því var hver nemandi að vinna á sínu getustigi og hraða.

Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang, en náttúrufræðin var tvinnuð inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu hverju sinni.

4.2 NÁMSMAT

Námsmat var í lok hveurrar annar, þar sem nemendur fengu umsögn, en að vori var einnig gefin einkunn í lestri og stærðfræði. Miðannarmatið var afhent með vorönn. Vegna óvenjumikilla veikinda í hópnum fór það úr skorðum, en foreldrar fengu munnlegar upplýsingar á foreldrafundi við annaskipti.

Steinunn Ólafía Rasmus.

5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

Nemendur í 2. bekk voru í upphafi vetrar sjö en um miðjan vetur bættist ein stúlka í hópinn. Þá voru nemendur orðnir 8 talsins, 6 strákar og 2 stúlkur, og samkensla með 1. bekk. Umsjónarkennari hópsins var Steinunn Ó. Rasmus og kenndi hún íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, textíl og tónmennt. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og myndmennt, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi sund, Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku, Anna Björg Ingadóttir kenndi upplýsingatækni og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi samfélagsfræði og íþróttir. Friðrún Hadda Gestsdóttir og Dís Sværissdóttir voru stuðningsfulltrúar í bekknum.

5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Námið var einstaklingsmiðað í íslensku og stærðfræði, þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi. Lestur var daglega. Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang á annað, en náttúrufræðin var tvinnuð inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu upp á hverju sinni.

Grunnnámsefni í stærðfræði var Sproti 2a og 2b og nokkrir nemendur luku 3a.

Skriftarefni var frá Námsgagnastofnun, þ.e. skrift 1 og 2, ásamt forskrift kennara. Flestir byrjuðu á Ritrún 1.

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hvert við annað og tækju tillit hvert til annars. Fjallað um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

5.2 NÁMSMAT

Námsmat fór fram í lok hvernar annar, þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Hraðlestrarpróf voru í lok hvernar annar. Miðannarmatið var afhent með vorönn, en vegna óvenjumikilla veikinda í hópnum fór miðannarmatið úr skorðum en foreldrar fengu munnlegar upplýsingar á foreldarafundi við annaskipti.

Steinunn Ólafía Rasmus.

6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. OG 4. BEKKJAR

Nemendur í 3. og 4. bekk voru 11 samtals, fimm í 3. bekk og sex í 4. bekk. Kynjaskiptingin var 4 stúlkur og 7 drengir. Einn nemandi fór úr bekknum á vordögum.

Umsjónarkennari hópsins var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og kenndi hún íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, íþróttir og sund. Stuðningsfulltrúi framan af vetri var Fjóla Benediktsdóttir og svo tóku Indiana Svala Ólafsdóttir og Einar Kr. Sveinbjörnsson við. Áslaug Berta Guttormsdóttir kenndi ensku og val, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Anna Björg Ingadóttir kenndi samfélagsfræði og upplýsingamennt, Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt, smíði og val, Steinunn Rasmus sá um textílkennslu, tónmennt og val, Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi íþróttir, og Jóhanna Ösp Einarsdóttir kenndi val og var með hópnum í heimanámstímum. Sérkennsla var í höndum Áslaugar Bertu Guttormsdóttur sérkennara, Andreu Björnsdóttur þroskaþjálfara og Söndru Rúnar Björnsdóttur iðjuþjálfara.

6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Á hverjum morgni var setið í heimakrók og lesin saga fyrir nemendurnar. Í heimakrók lásu nemendur einnig frumsamdar sögur og verkefnið „sýna og segja frá“ var einnig kynnt þar.

Kenntuættil voru einstaklingsmiðaðir, þar sem allir voru með námsefni við hæfi og hver vann á sínum hraða. Áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Nemendur lásu í lestrarbókum fyrir kennara/stuðningsfulltrúa einu sinni á dag. Unnið var í vinnubókum og öðrum völdum verkefnum frá kennara. Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel. Áhersla var lögð á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Einnig voru ýmiskonar uppákomur, svo sem öfugsnúni dagurinn, þar sem nemendur gengu afturábak og klæddu sig í fötin öfugt, þemavika í lok nóvember þar sem jólahald á Íslandi og í öðrum löndum var kynnt, bangsadagur og margt fleira. Á fullveldishátíðinni var þemað „jólin“ og settum við upp frumsaminn leikþátt um jólahald. Þar var jólahald frá fyrri tímum og fram á daginn í dag kynnt. Á árshátíðinni settum við upp leikþátt þar sem Sturlungaöld var rakin á 10 mínútum.

Námsmat var í lok hvefarr annar, byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum og könnunum.

Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir.

7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. OG 6. BEKKJAR

Nemendur í 5. bekk voru 6 í vetur og í 6. bekk voru 4 nemendur. Kennt var í samkenndu. Umsjónarkennari var Anna Björg Ingadóttir sem kenndi íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, ensku og upplýsingatækni. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði. Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi náttúrufræði. Hún kenndi einnig íþróttir og sund ásamt Kolfinnu Ýri Ingólfssdóttur. Áslaug B. Guttormsdóttir sá um aukabjálfun í lestri og sérkenndu. Andrea Björnsdóttir sá einnig um aukabjálfun í lestri og sérkenndu. Sandra Rún Björnsdóttir sá um iðjubjálfun ásamt annarri sérkenndu. Steinunn Ó. Rasmus kenndi textílmennt og tónmennt. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt og smíði.

Indiana Svala Ólafsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum.

7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Unnið með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla. Vegna samkenndu tók kennslan eitthvert mið af því. Kennslan sérstaklega í íslensku, stærðfræði og ensku byggðist mikið á einstaklingskenndu þar sem allir eru með námsefni við hæfi og hver vinnur á sínum hraða. Mikil áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Valinn var lestrarhestur hvers mánaðar (miðað var við hve oft nemandi las en ekki hve mikið). Nemendur tóku þátt í lestrarátakinu allirlesa.is og stóðu sig frábærlega vel.

Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel. Áhersla lögð á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Nemendur sáu sjálfir um að skrá heimanámið í skólakompur með aðstoð kennara og stuðningsfulltrúa. Nám og gleði var haldið í september, en þar gafst foreldrum kostur á að kynna sér námsefnið og skipulag kennslunnar.

7.2 NÁMSMAT/SÍMAT

Stuðst var við símat að mestu leyti og lítið um stór annarpróf. Kannanir lagðar fyrir reglulega á hverri önn, t.d. eftir hvern kafla og í lok annar. Einnig metin vinna nemenda á önninni.

7.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF

Nemendur í 5. og 6. bekk tóku þátt í fullveldishátíðinni og árshátíð skólans. Einnig stóð nemendum til boða að taka þátt í félagsstarfi því er Jóhanna Ösp Einarsdóttir sá um. Nemendur fóru ásamt 7. bekk í vorferðalag í Borgarfjörðinn. Farið var í Landnámssetrið á sýningarnar Egilssaga og Landnámið. Síðan var farið í sund í Borgarnesi og gist á Hreðavatni. Seinni daginn var Reykholt heimsótt.

Anna Björg Ingadóttir.

8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7.-10. BEKKJAR

Nemendur í 7. – 10. bekk voru alls 10 (11) og skiptast þannig að sex nemendur voru í 7. bekk, tveir nemendur í 8. bekk, tveir nemendur í 9. bekk fram í janúar en eftir það einn og einn nemandi í 10. bekk.

Umsjónarkennari var Svanborg Guðbjörnsdóttir, sem kenndi íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt og íþróttir. Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi náttúrufræði, sund og íþróttir. Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og dönsku. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt og smíði. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði. Steinunn Rasmus kenndi textíl.

Stuðningur inni í bekk var í stærðfræði og tungumálum, en um hann sáu Áslaug B. Guttormsdóttir sérkennari, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tólmundafulltrúi og Fjóla Benediktsdóttir stuðningsfulltrúi. Einnig voru nemendur teknir úr tímum til að æfa lestur sérstaklega og sáu sérkennari og Andrea Björnsdóttir þroskajálfi um það.

8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín og töluvert gert í því að hnoða hópinn betur saman. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og jafnframt að nýta fámenni bekkjarins til þess að einstaklingsmiða námið og sníða það að þörfum hvers og eins. Reynt var að nota fjölbreytileg verkefni og kennsluaðferðir.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í nóvember og febrúar.

8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlögn á töflu, samvinnunám, lausnaleitarnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

8.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum og formlegum annarprófum.

8.4 VIÐBURÐIR

Nemendur í 8.-10. bekk tóku þátt í smíðjuhelgum sem voru fyrir og eftir áramót og á nokkra dansleiki utan sveitarfélagsins.

7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 19.-23. janúar. 9. bekkur fór í ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum 20.-24. október.

Félagsstarf fyrir krakkana var í hverri viku, þar sem ýmislegt var gert til skemmtunar. Umsjónarmaður var Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

10. bekkur tók samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði dagana 22.-24. september og 7. bekkur í íslensku og stærðfræði 25.-26. september.

Kennaraneminn Aldís Elín Alfreðsdóttir var hjá okkur í verknámi í mars og vann með nemendum ýmis skemmtileg verkefni í ensku og dönsku.

Svanborg Guðbjörnsdóttir.

9. SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA

Samkennsla var hjá 5 ára nemendum og 1.-2. bekk, 3.-4. bekk og 5.-10. bekk.

Kennslustundir voru 2 tímar á viku í 40 mínútur hjá öllum nema 5.-10. bekk, þar voru kennslustundirnar 3 tímar í viku í 40 mínútur.

Íþróttakennsla fór fram í íþróttahúsinu og var lögð áhersla á leiki, boltaíþróttir, styrktaræfingar, þol, snerpu og liðleika. Einnig fer kennsla fram úti haust og vor ef veður leyfir.

Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir og Svanborg Guðbjörnsdóttir.

10. SKÝRSLA SUNDKENNARA

Samkennsla var í 1.-2. bekk, alls 11 nemendur. Kennari var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Andrea Björnsdóttir kom sem stuðningur fyrir tvo nemendur og tók hún þá til skiptis í sundtíma. Dísá Sverrisdóttir og Friðrún Gestsdóttir fylgdu nemendum einnig eftir. Samkennsla var í 3.-4. bekk, alls 11 nemendur, í 5.-6. bekk, alls 10 nemendur, og í 7.-10. bekk, alls 10 nemendur. Kennari var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Kennslustundir voru 1 tími á viku í 40 mínútur.

10.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Kennsla fór fram í Grettislaug og var stuðst við samræmd sundstig fyrir grunnskóla og námsáætlun unnin út frá þeim. Sýnikennsla var á bakka eða kennari var ofan í laug.

10.2 NÁMSMAT

Nemendur fengu skriflegt námsmat á haust- og miðönn. Á vorönn var unnið út frá samræmdum sundstigum fyrir grunnskóla og einkunn unnin út frá þeim.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir.

11. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

Veturinn 2014-2015 var annað starfsár teymis sérkennslumála við Reykhólaskóla. Í því sátu Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Andrea Björnsdóttir þroskaþjálfari, Áslaug B. Guttormsdóttir sérkennari og Sandra Rún Björnsdóttir iðjuþjálfari. Stöðuhlutfall sérkennara í sérkennslu var u.þ.b. 61%, þroskaþjálfara 90% og iðjuþjálfara 40%.

Skólastjóri er yfirmaður sérkennslumála við Reykhólaskóla og stjórnar fundum sérkennsluteymis, svo og öðrum fundum sem varða sérkennslumál, og heldur utan um fundargerðir. Sérkennari ber faglega ábyrgð á sérkennslumálum innan skólans. Sérkennsluteymi ber sameiginlega ábyrgð á sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun innan skólans.

11.1 SÉRKENNSLUTEYMI

Sérkennsluteymi skólans vann saman að málefnum nemenda með fatlanir/raskanir. Veturinn 2014-2015 var samvinna sérkennara, þroskaþjálfara og iðjuþjálfara enn aukin og styrkt frekar. Teymið fundaði vikulega og ræddi málefni einstakra nemenda og þörf fyrir sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun.

Sérkennslan fór fram inni í samkennsluhópum og/eða í *Vinnuverum*, sem eru tvö, annað á neðri vist og hitt á jarðhæð. Sérkennslugögn voru keypt og auk þess mikið búið til, m.a. úr ýmsu verðlausu efni. Óskað var eftir fjármagni til kaupa á sérkennslugögnum og fékkst það greiðlega eða kr. 25.000 yfir skólaárið.

Að vori skilaði sérkennsluteymið af sér skriflegri samantekt/mati yfir þann stuðning sem hver nemandi hafði hlotið yfir skólaárið. Samantektin var prentuð út og barst foreldrum í hendur með einkunnaskírteini á skólaslitunum 28. maí 2015.

Sérkennsluteymið fundaði einu sinni í viku í 40-60 mínútur í senn. Teymið fundaði með umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum fatlaðra nemenda einu sinni í mánuði í 30 mínútur í senn, eða allt að 20 sinnum alls á skólaárinu. Sömuleiðis fundaði teymið með foreldrum fatlaðra nemenda, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum 4 sinnum

í 30 mínútur í senn, að hausti og við lok 1., 2. og 3. annar. Alls gerir þetta 8 fundi yfir skólaárið. Þá funduðu sérkennari og þroskaþjálfari með sérfræðingum skólans tvisvar sinnum yfir árið og sátu skilafundi með foreldrum og sérfræðingum u.þ.b. 8 klukkustundir tvisvar sinnum á skólaárinu eða 16 klukkustundir alls.

Þá var haldið símenntunarnámskeið í TMT (Tákn með tali) allan veturinn fyrir starfsfólk skólans, sem Áslaug sérkennari, Andrea þroskaþjálfari, Friðrún stuðningsfulltrúi og Steinunn kennari skiptust á að sjá um.

Vert er að upplýsa foreldra um að fjármagn til sérkennslumála fylgir einungis nemendum með greiningar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og BUGL og þurfa greiningarnar að uppfylla ákveðin viðmið. Önnur sérkennsla er greidd af sveitarfélaginu.

11.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA

Stuðningsúrræði við nemendur í grunnskóladeild veturinn 2014-2015 voru sérkennsla, þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og stuðningur inni í samkennsluhópum. Deildarstjóri leikskólans frá 8. febrúar er jafnframt sérkennari og sá um stuðning við nemendur í leikskóladeild.

Áslaug B. Guttormsdóttir ber faglega ábyrgð á sérkennslumálum við grunnskóladeild og var með 16 kennslustundir eða í u.þ.b. 61% stöðu sem sérkennari á móti annarri kennslu. Andrea Björnsdóttir var í 90% stöðu þroskaþjálfara. Sandra Rún Björnsdóttir var í 40% stöðu iðjuþjálfara.

Sex aðilar sinntu stuðningi inni í bekk, flestir í hlutastörfum, en það voru Indiana Svala Ólafsdóttir, Fjóla Benediktsdóttir fram að áramótum, Einar Kr. Sveinbjörnsson frá áramótum, Herdís Erna Matthíasdóttir frá áramótum, Dís Sværisdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir.

11.3 GREININGAR

Nemendur með greiningar og/eða sem nutu þjónustu sérkennsluteymis voru 23 í grunnskóladeild eða 56% nemenda í grunnskóladeild.

Áætlaður fjöldi nemenda í leik- og grunnskóladeild með greiningar og/eða sem koma til með að njóta þjónustu sérkennsluteymis skólaárið 2015-2016 verður svipaður.

Sérkennslutímum og tímum hjá þroska- og iðjuþjálfva var skipt sem jafnast milli nemenda með sérkennsluþarfir og/eða eftir einstaklingsmiðaðri þörf hvers og eins vegna raskana.

Nemendur með frávik í námi fengu annað hvort skert eða aðlagð námsefni, þ.e. reynt var að koma til móts við þá á þann hátt að þeir gætu sem best fylgt bekkjarfélögum sínum eftir í einstaka námsgreinum. Til að styðja nemendur inni í bekk voru stuðningsfulltrúar ráðnir til aðstoðar í öllum samkennsluhópum nema þeim elsta, þ.e. í 1.-2. bekk, 3.-4. bekk og 5.-6. bekk. Stuðningsfulltrúar voru inni í bekkjardeildum til að aðstoða kennara og vera einstaka nemendum með námsfrávik og/eða fatlanir sérstakur stuðningur og/eða að styðja samkennsluhópana í heild.

Til að mæta nemendum sem aðstoð þurftu í 7.-10. bekk var þroskaþjálfvi/sérkennari/iðjuþjálfvi/stuðningsaðili inni í bekk 4-6 sinnum í viku í tungumálum og stærðfræði. Aðstoð við próftöku/verkefni var einnig í boði í öllum bekkjum. T.d. fólst aðstoðin í upplestri á prófi, skrifað var fyrir nemendur og/eða prófspurningar umorðaðar og útskýrðar upp að vissu marki. Slík próf taka nemendur í einrúmi ásamt stoðkennara/stuðningsfulltrúa og próftími er lengdur.

11.4 ÁBYRGÐ OG ÖNNUR VERKEFNI SÉRKENNSLUTEYMISS

Sérkennsluteymi bar sameiginlega ábyrgð á sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun í skólanum. Jafnframt voru ýmis önnur verkefni í höndum sérkennara ásamt þroska- og iðjuþjálfva eftir atvikum, svo sem að halda utan um greiningargögn í samráði við skólastjóra, skrifa kafla um sérkennslumál í ársskýrslu ásamt þroska- og iðjuþjálfva,

halda utan um sérkennslustofu/sérkennslugögn í samráði við sérkennsluteymi og stuðningsfulltrúa, sjá um innkaup á sérkennslugögnum, funda með sérfræðingum við komu, sitja skilafundi með þeim og foreldrum, sjá um að skrá niðurstöður Tove Krogh teikniverkefnisins í 1. bekk og skila til foreldra, sérfræðings og skólastjóra, skila greiningargögnum til foreldra um leið og þau berast frá sérfræðingum og vera í sambandi og samstarfi við aðrar stofnanir, svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL og talmeinafræðinga eftir atvikum. Einnig fengu nemendur með námsfrávik aðstoð í samræmdum prófum. Þá hafa sérkennari/þroskaþjálfari aðstoðað við að lestrarprófa á annaskiptum. Þá situr þroskaþjálfari nemendaverndarráðsfundi með skólastjóra, skólahjúkrunarfræðingi og félagsmálafulltrúa. Sérkennari hefur einnig haft samráð við framhaldsskóla. Aðstoð og upplýsingar til kennara og stuðningsfulltrúa eru hluti af starfssviði sérkennara/þroskaþjálfara/iðjupjálfa. Gerð einstaklingsnámskráa er í höndum umsjónarkennara með aðstoð og leiðsögn sérkennsluteymis, sem er unnin í samstarfi við foreldra og stuðningsfulltrúa eftir atvikum og að undangengnum fundi/fundum með hlutaðeigandi. Þá hefur sérkennari sótt námskeið í *Talnalykli* (2014) og *Aston Index* (2015) og fengið réttindi til að nota þau greiningartæki. Iðjupjálfi sótti námskeið í mati á skólafærni (2015) og fékk réttindi til að nota greiningartækið *Skólafærniathugun*. Fyrirhugað er að nýta þessi greiningartæki á næsta skólaári.

11.5 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR SÉRKENNSLUNNAR

Dyslexia/sértæk lestrarröskun er einn helsti vandi nemenda í grunnskóladeild og hefur megináhersla sérkennslunnar verið fólgin í lestrarþjálfun allt að 4 sinnum í viku í vetur, upp í 8. bekk. Samhliða lestrarþjálfun voru nemendur þjálfaðir í hlustun og lesskilningi. Þá hefur sérkennsla í stærðfræði aukist og nokkrir nemendur hafa einnig verið í sérstökum lesskilnings- og ritunarverkefnum. Jafnframt var lögð áhersla á að efla ýmsa þætti, svo sem yndislestur, sjónrænt og heyrnrænt minni, rökhugsun,

hugtakaskilning svo sem stærð/lögun/lit, útsjónarsemi, athygli/einbeitingu, snerpu, jafnvægi, talnaskilning, máltjáningu/orðaforða og spilaleikni. Ýmis sérkennslugögn, svo sem spil/púsl/leikir/tölvuforrit/verkefni voru notuð til eflingar hverjum nemanda fyrir sig.

Nemendur lásu alls 3102 blaðsíður í vetur hjá sérkennara, þroskaþjálfara og iðjuþjálfara; með hljóðaaðferð og endurtekningar- og víxllestri. Að auki bættist við þjálfun í yndislestri, en þeim síðufjölda var ekki haldið saman.

Allir nemendur eru í framför í þeim þáttum sem sérkennslan hefur beinst að, misjafnlega mikilli, sem fer eftir hömlun/röskun hvers og eins. Nemendahópurinn í heild sinni hefur tekið miklum framförum í lestri.

11.6 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR IÐJUÞJÁLFUNARINNAR

Í hugtakinu iðjuþjálfun felst sérþekking á daglegri iðju mannsins. Þá er átt við allt sem fólk innir af hendi í daglegu lífi í þeim tilgangi að annast sig og sína. Iðjuþjálfun snýst um að efla og viðhalda færni barna í athöfnum sem eru þeim mikilvægar. Lögð er áhersla á að þjálfun fari fram í gegnum leik, þar sem helsta iðja barna á þessum aldri er leikurinn.

Skólaárið 2014-2015 hafa ellefu nemendur verið í almennri iðjuþjálfun í grunnskóladeild Reykhólaskóla. Aðaláherslan í þjálfuninni hefur verið á fín- og grófhreyfingar og að efla samhæfingu í hreyfingum. Einnig hefur verið unnið með einbeitingu, athygli og úthald við verkefnavinnu, rökhugsun, samhæfingu augna og handa, jafnvægi, minni, talnaskilning, pörun og snerpu. Í þjálfuninni hefur auk þess verið unnið með stærð og lögun hluta og liti. Til þess að þjálfara ofangreind atriði hafa verið notuð ýmis spil, leikföng, hlutverkaleikir, æfingar og ýmis verkefni. Iðjuþjálfari hefur auk þess verið stuðningur við nemendur inni í bekk og aðstoð við próftöku.

11.7 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR ÞROSKAÞJÁLFUNARINNAR

Þroskaþjálfar eru fagstétt sem sérstaklega hefur menntað sig til að starfa með fólki á öllum aldri sem býr við mismunandi skerðingu, svo sem andlega eða líkamlega eða skerta félagsfærni. Þroskaþjálfun byggir á breiðum fræðilegum grunni sem grundvallast m.a. í uppeldis-, félags, heilbrigðis-, sálar- og siðfræðum.

Þroskaþjálfari vinnur með teyimum skólans að þjálfun og stuðningi bæði við einstaka nemendur og námshópa.

Frá skólabyrjun hafa átta nemendur hitt þroskaþjálfara, allir úr grunnskóladeild. Þess utan hefur þroskaþjálfari unnið í samvinnu með sérkennara við lestrarkennslu. Í einstaklingstímum hefur verið unnið með fínhreyfingar, samhæfingu augna og handa. Athygli og einbeiting voru æfð með það í huga að auka úthald við ýmsa verkefnavinnu. Ennfremur voru félagsfærni, samskipti, málörvun og tjáskipti æfð. Þroskaþjálfari útbýr ýmiskonar þjálfunar- og námsgögn í samvinnu við sérkennara og iðjuþjálfara.

Áslaug Guttormsdóttir, sérkennari.

Andrea Björnsdóttir, þroskaþjálfari.

Sandra Rún Björnsdóttir, iðjuþjálfari.

12. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

Í vetur voru allir samkennsluhópar með 2 tíma á viku.

Í textíl var skapandi vinna höfð að leiðarljósi, nemendum leiðbeint með ákveðin vinnubrögð, en fengu oft frjálsar hendur með verkefnaval.

Í vetur var sem fyrr lögð áhersla á endunýtingu á gömlu og notuðu efni. Nemendur fengu sem fyrr allnokkurt frjálst verkefnaval innan ákveðins ramma. Nemendur komu með hugmyndir sem oftast var hægt að koma til móts við, en það eykur að jafnaði sköpunargleði þeirra.

1. bekkur

- ✓ Teiknaði sjálfsmynd á striga og saumaði þræðispor í helstu útlínur
- ✓ Fingraprjónaði
- ✓ Frjáls hönnun úr efnisafgöngum
- ✓ Saumaði óskasteinapoka úr fílti
- ✓ Gerðu orm úr fílti og perlum

2. bekkur

- ✓ Haustmynd, java, fílt og tölur saumað á
- ✓ Óskasteinapokar úr fílti, skreyttir með tölum
- ✓ Fingraprjón, frjáls útsaumur og frjáls hönnun

3. bekkur

- ✓ Vélsaumsæfingar á blöð
- ✓ Taska í vélsaum úr óbleiðu lérefti, málað á og skreytt með vélsaumssporum.
- ✓ Furðuverur úr fílti
- ✓ Krosssaumsdúkur, lítill
- ✓ Vélsaumspúði

4. bekkur

- ✓ Vélsaumspúði, önnur hliðin úr 4 bútum; vélsaumstaska, önnur hliðin skreytt með vélssaumssporum
- ✓ Krosssaumur
- ✓ Garðaprjón, bangsi, kisa

5.-6. bekkur

- ✓ Vélsaumur, náttbuxur, púðaver

- ✓ Einföld prjónaverkefni, garðaprjónsvettlingar (ólokið), svitabönd, eyrnabönd, dýr o.fl.

7.-10. bekkur

- ✓ Vélsaumur, leggings, bolir, frjáls hönnun, t.d. taska fyrir spjaldtölvu
- ✓ Prjónaðar buddur, húfa, pottaleppar
- ✓ Nemendur höfðu allnokkurt val um hönnun og útlit verkefna

Steinunn Rasmus, handmenntakennari.

13. SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA

Nemendur í 1.-4. bekk fengu tónmenntakennslu í vetur.

Sungið, teiknað eftir tónlist, hlustað á ýmsar tegundir tónlistar, túlkað, rætt um upplifun af tónlist, unnið með takt og hrynjandi.

Lög úr gömlum söngvakeppnum skoðuð og höfðu nemendur almennt mjög gaman af því.

Nemendur voru almennt áhugasamir og sýndu alls konar tónlist áhuga.

Steinunn Rasmus, tónmenntakennari.

14. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

Myndmennt er kennd í 1.-10. bekk í 80 mínútur í senn. Samkensluhópar skiptast þannig, að 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur og 7.-10. bekkur eru saman.

Myndmennt kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

14.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Þau eru útskýrð og nemendum kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda. Verkefnin eru oftast unnin sem einstaklingsverkefni en einnig eru gerð hópaverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Einnig er leitast við að nýta sér tölvutækni til upplýsingaöflunar og verkefnavinnu.

14.2 NÁMSEFNI/GÖGN

Notast er við tölvur, m.a. við að afla upplýsinga um listamenn og verk þeirra og einnig til að finna myndir til að vinna eftir. Stuðst við kennslubækurnar myndmennt 1 og 2, sem og listaverkabækur.

14.3 NÁMSMAT

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í vinnustofu.

Rebekka Eiríksdóttir, myndmenntakennari.

15. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

Samkennduhópar í smíði voru þannig að 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur og 7.-10. bekkur voru saman. 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur og 7.-10. bekkur fengu smíði hálfan veturinn. 5.-6. bekkur voru í smíði allan veturinn.

Smíði kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

15.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Verkefnavinnu er þannig háttað að kennari leggur fyrir skylduverkefni og að því loknu velur nemandi sér valverkefni. Verkefnin skiptast þannig í skyldu- og valverkefni. Verkefnum er skipt eftir getustigi nemenda, útskýrð eru kennslugögn, efni og áhöld og nemendur aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Farið er yfir heiti á verkfærum og öryggisatriði.

15.2 NÁMSEFNI

Stuðst er við kennslubækur í smíði, ýmsar bækur með hugmyndum að smíðahlutum sem og verkefnabrunna á vefnum.

15.3 NÁMSMAT

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í vinnustofu.

Rebekka Eiríksdóttir, smíðakennari.

16. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

Nemendur í Reykhólaskóla eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekkjar. Nemendur í 1.-4. bekk eru 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið og á móti eru þeir í smíði. Nemendur í 5.-6. bekk eru allan veturinn í heimilisfræði. Nemendur í 7.-10. bekk eru hálfan veturinn í heimilisfræði og á móti eru þeir í smíði. Heimilisfræði kenndi Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

16.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Verkefnum var hagað eftir getu nemenda hverju sinni. Áhersla hjá yngsta stigi var á almennt hreinlæti, að fara eftir einföldum fyrirmælum og öðlast færni í mælingum. Nemendur á miðstigi voru látnir elda einfaldar uppskriftir og tileinka sér helstu matreiðslu- og bökunaraðferðir. Lögð var áhersla á frágang í eldhúsi og að umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru. Nemendur á unglingsstigi fengu ögn flóknari uppskriftir og þurftu að leggja sig fram við að skipuleggja tímann sinn í eldhúsinu.

Fyrir fullveldishátíð Reykhólaskóla var haldin piparkökuhúsakeppni, þar sem nemendur í 3.-10. bekk fengu að spreyta sig á að hanna og skapa sitt eigið hús. Nemendur unnu í 2-4 manna hópum. Niðurstaðan varð 10 gullfalleg piparkökuhús, hvert með sínu lagi.

16.2 NÁMSEFNI OG NÁMSMAT

Stuðst var við kennslubækur í heimilisfræði frá Námsgagnastofnun og annað efni frá kennara.

Námsmat var þannig, að verk nemenda voru metin til einkunna. Símat var í gangi allan veturinn. Einnig var tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í eldhúsi.

17. VAL

Síðasta skólaár var ákveðið að vera með valnámskeið. Þrír kennarar og tólmstundafulltrúinn tóku að sér kennsluna. Þegar hópurinn hittist og fór yfir hvað væri best að gera var ákveðið að halda svokölluð örnámskeið, þar sem nemendum stæðu til boða á þriggja vikna fresti 4 ólík námskeið í öllu á milli himins og jarðar. Þetta mæltist vel fyrir hjá nemendum og voru þeir mjög ánægðir. Dæmi um námskeið eru:

- ✓ Útivist – björgunarsveitarmaðurinn
- ✓ Lærðu að tálga
- ✓ Búðu til draumafangara
- ✓ Frjálsar íþróttir
- ✓ Galdrar og spádómar
- ✓ Laufblöð af öllum stærðum
- ✓ Nýta jólakortin frá síðasta ári
- ✓ Loom-teygjur
- ✓ Ræðumennsla
- ✓ Nýta úr verðlausu
- ✓ Búa til hárskraut
- ✓ Tækifæriskort
- ✓ Útileikir

18. FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA

Í Reykhólaskóla er farið í haustferðalag og eftir að skólastigin voru sameinuð hafa nemendur leikskóladeildar farið með. Líka eru á vorin skólaferðalög fyrir nemendur í grunnskóladeild. Þau ferðalög hafa verið í föstum skorðum síðustu ár. Nemendur í 1.-4. bekk fara í dagsferð í nágrenni Reykhóla/Reykhólahrepps. Nemendur í 5.-7. bekk fá að gista eina nótt. Nemendur í 8.-10. bekk gista tvær nætur, nema á þriggja ára fresti þegar þeir fara til Danmerkur.

18.1 FERÐALAG NEMENDA Í 1.-4. BEKK

Skólaferðalag 1.-4. bekkjar var 20. maí. Farið var frá skólanum kl. 10 og var fyrst stoppað á Seljanesi og safnið þar skoðað. Þaðan var farið upp að Gamla-Seli og pylsur grillaðar á útielldhúsgræjunum. Frjáls leikur var og söguganga um svæðið þar sem sagðar voru sögur tengdar nágrenninu, t.d. af Flosa og Bárði. Heimferð var um kl. 14.

Foreldrar og kennarar sáu um akstur. Pylsur og safi voru frá skólanum.

18.2 FERÐALAG NEMENDA Í 5.-7. BEKK

Miðvikudagurinn 13. maí: Lagt af stað frá Reykhólaskóla kl. 12. Keyrt var í Borgarnes þar sem farið var á Landnámssýninguna og hún skoðuð ásamt sýningu Egils Skalla-Grímssonar. Farið var í Bónus þar sem verslað var fyrir kvöldmatinn og þaðan í sund. Gist var á Hreðavatni. Þar var grillað og nemendur gátu farið í göngutúra í nágrenninu. Ró var komin á mannskapinn um kl. 24.

Fimmtudagurinn 14. maí: Húsinu skilað hreinu og fínu. Farið var að Glanna og Paradíslaut. Þaðan var farið í Reykholt þar sem við fengum mjög fróðlegan og skemmtilegan fyrirlestur um ævi Snorra Sturlusonar. Snorralaus var skoðuð. Frá

Reykholti var farið í Hvítársíðuna þar sem borðað var nesti. Hraunfossar og Barnafoss skoðaðir. Á heimleiðinni var stoppað í Búðardal þar sem nemendur gátu nammað sig upp.

Fyrirkomulag ferðarinnar:

Krakkarnir komu með nesti fyrir sunnudaginn og morgunmat fyrir mánudaginn.

Allir borguðu 2.000 kr. í ferðina og fengu að hafa með sér 3.000 kr. í vasapening.

Keyptur var kvöldmatur og smá nesti fyrir nemendur.

Fengum litla rútu frá Sveini á Staðarfelli sem Inda sá um að keyra.

Mjög vel heppnað skólaferðalag og krakkarnir alsælir bæði með náttúruperlurnar, söfnin og húsnæðið.

18.3 FERÐALAG NEMENDA Í 8.-10. BEKK

Skólaferðalag nemenda í 8.-10. bekk var að þessu sinni adrenalínferð á Suðurlandið. Nemendur fengu ekki skipulagða dagskrá í hendurnar heldur fóru þeir út í óvissuna með hvern viðburð. Nemendurnir voru fjórir og var farið á einkabíl Jóhönnu Aspar sem fór með þeim.

Sunnudagur: Lagt af stað frá Reykhólaskóla kl. 12. Stoppað í Bónus í Borgarnesi þar sem keypt var í matinn. Hver nemandi hafði lagt til 5000 krónur fyrir mat, nammi og drykkjum til að hafa á áfangastað. Fyrsti viðkomustaður var Reykjavík Escape þar sem nemendur voru læstir inni í fangaklefa og áttu að reyna að finna vísbendingar til að komast út á innan við klukkustund. Þetta tókst þeim með glæsibrag eftir 54 mínútna spennuþrungna skemmtun.

Því næst var haldið í go-cart í Kópavoginum þar sem var fyrst 10 mínútna tímataka sem endaði svo í 20 hringja keppni. Eftir það var borðað á Subway og síðan haldið í bústaðinn. Þangað vorum við komin um áttaleytið. Bústaðurinn var á Núpum rétt utan við Hveragerði. Hann var með heitum potti og tveimur herbergjum auk

svefnsófa í stofu. Þá var farið í pottinn, spjallað saman og horft á æsispennandi myndir.

Mánudagur: Þennan morguninn var ræst kl. 8 þar sem smá akstur lá fyrir. Það var smurt nesti og brunað upp að Drumboddsstöðum. Byrjað á því að fara í river rafting. Veður var mjög hagstætt fyrir kuldann sem fylgir þessu sporti. Vindurinn var í bakið niður alla ána og komu allir blautir og brosandir aftur að Drumboddsstöðum þar sem var borðaður hádegismatur. Því næst var haldið á Stokkseyri á Draugasetrið. Þar var mikið öskrað og flestir urðu mjög hræddir á einhverjum tímapunkti. Því næst var farið heim þar sem var grillað saman, spilað, borðaður ís, farið í pottinn og tekinn einn göngutúr og horft á mynd. Alger ró var komin kl. 1.

Þriðjudagur: Gengið frá bústaðnum og lagt af stað kl. 9.30. Fyrsti stoppustaður var Adrenalíngarðurinn. Þar var mikið öskrað, þar sem þátttakendur fóru í rólu sem dregin var upp í 11 metra hæð og svo flaug maður niður. Adrenalíngarðurinn er einnig með þrautabraut í 10 metra hæð, þannig að það má með sannri segja að það hafi reynt á þolrifin að taka þátt. Síðasti viðkomustaður var Reykjavík Escape (aftur) þar sem þau áttu bara eftir að komast út úr einu herbergi af þremur (fyrsta herbergið var prufað í Samfésferðinni). Þetta tókst þeim með glæsibrag. Eftir það var borðuð pítsa og svo ekið heim aftur. Koma í Reykhólasveitina var kl. 22.

19. FÉLAGSSTARF

Í upphafi skólaárs var Jóhanna Ösp Enarsdóttir ráðin til að sjá um félagsstarf í Reykhólaskóla. Breytingar urðu á viðburðum og voru settir á laggirnar klúbbar annan hvern fimmtudag strax eftir skóla á móti kvöldviðburðum sem voru annan hvern fimmtudag á móti. Á áramótum var Jóhanna Ösp ráðin sem tómskundafulltrúi sveitarfélagsins og bættist þá við klukkarinn, sem var heimanáms- og spilatími alla miðvikudaga á milli kl. 15 og 16. Einnig bættust við badmintonæfingar í janúar, febrúar og mars. Reynt var að skipta tómskundastarfi þannig að allir fyndu eitthvað við sitt hæfi og var horft til fræðslu, útiveru og hreyfingar ásamt afþreyingu. Skrefið keypti peysur á nemendur 5.-10. bekkjar og boli á alla þá sem vildu. Þetta var merkt með lógói Skrefsins. Líka fjárfesti félagsmiðstöðin í græjum, dokkuhátölurum og iPod.

Að auki voru aðrir viðburðir, sem voru eftirfarandi:

- 8.-10. bekkur tóku þátt í Landsmóti Samfés sem haldið var á Akranesi. Það stendur yfir helgi og taka krakkarnir þátt í margvíslegum námskeiðum og skemmtidagskrá.
- Heimsókn í Ozone í byrjun nóvember. Félagsmiðstöðin Ozone á Hólmavík heimsótt.
- Æskulýðsbalið í Borgarnesi.
- Söngvakeppni Samfés á Vesturlandi, haldin í Búðardal 12. febrúar.
- Samfestingurinn. Farið var í 2ja daga ferð til Reykjavíkur með margvíslegri dagskrá í kringum Samfestinginn.
- Lyngbrekkuball í Lyngbrekku í lok apríl.
- Fjölskyldudagurinn á sumardaginn fyrsta.
- Lokaball og grill 7. maí.
- Hjólaferð sýslumarka á milli 30. maí.

Fjáröflun félagsstarfsins

- ✓ Vörusala
- ✓ Þítsadagur í nóvember og apríl
- ✓ Kaffisala á öskudag
- ✓ Fjölskyldudagurinn
- ✓ Sjoppa
- ✓ Dósatalning
- ✓ Hjólaferð sýslumarka á milli 30. maí

20. SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR

Börn á leikskólanum voru 18 talsins, sex strákar og tólf stelpur. Einn starfandi leikskólakennari er í skólanum í 90% starfshlutfalli og er hann jafnframt deildarstjóri. Í leikskólanum störfuðu 3 starfsmenn, 2 í 100% starfi og einn í 90% starfi.

20.1 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Aðalmarkmið leikskólans er að börnunum líði vel. Horft er á styrkleika og áhugamál hvers og eins og unnið út frá þeim.

20.2 DAGLEGT STARF

Dagurinn byrjar á samverustund með söng og umræðum, sagðar eru sögur og fleira gert. Samverustundin endar svo á „sólarhring“ þar sem börnin fá tækifæri til að tjá sig um líðan sína og þeirra sem eru í kringum þau (senda þeim sem þurfa sól).

Hópastarf er nýtt í ýmis verkefni og þar eru áhugamál barnanna og þarfir þeirra í fyrirrúmi. Leikskólinn er að taka upp myndræna skráningu og er lögð meiri áhersla á ferlið en útkomuna í starfinu.

Útivera er stór þáttur í starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að börnin læri að njóta útiverunnar, þau læri að klæða sig eftir veðri og öðlist færni í grófhreyfingum með því að vera úti. Farið er út á hverjum degi ef veður og aðstæður leyfa.

Á þriðjudögum voru vettvangsferðir með eldri hópinn. Þá var farið út af skólalóðinni og út í náttúruna eða staðir í nærumhverfinu skoðaðir. Markmiðið er að kynna börnunum það umhverfi sem þau búa í, en það er að okkar mati lykilinn að því að vekja áhuga þeirra á sjálfbærni.

Hádegismatur er borðaður í matsal Reykhólaskóla. Eftir hádegismatinn var hvíld þar sem yngri börnin hvíla sig á dýnum meðan þau hlusta á tónlist eða sögur. Þeim eldri

var skipt í tvo hópa og lesið fyrir þau. Bækurnar sem voru lesnar voru skráðar á blöð og þau hengd upp á vegg þannig að það myndaðist langur ormur.

20.3 SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA

Skólahópur var tekinn út í sérstök verkefni sem tengdust undirbúningi skólagöngu. Verkefnin voru fjölbreytt og var val á þeim miðað við þarfir hópsins hverju sinni. Skólahópurinn var með 1. bekk í leikfimi tvisvar í viku. Þegar skólaárið var komið vel af stað fékk skólahópurinn að koma í tíma hjá fyrsta bekk fjórum sinni í viku og féllu þá verkefnin innan leikskólans niður á móti.

Á föstudögum hafði leikskólinn aðgang að listasmiðju og fór þá öll leikskóladeildin þangað og vann að verkefnum. Eins höfðum við aðgang að íþróttasal skólans og bókasafninu einu sinni í viku. Leikskólinn hafði aðgang að skólaseli þegar ekki var starfsemi þar. Allt þetta gerir það að verkum að góð samfella skapast milli skólastiga og börnin þekkja grunnskólaumhverfið vel þegar þar að kemur. Skólaselið kom í heimsókn í útiveru eftir hentisemi og samkomulagi.

Á fimmtudögum voru haldnir fagnaðarfundir þar sem börnin skiptust á að vera með atriði, t.d. leikrit, söng, ræður og ævintýri eða annað sem þeim datt í hug.

Skóli á grænni grein. Farið var reglulega í vettvangsferðir niður á ruslahauga með ýmiskonar dót til að setja í endurvinnslu og fá að skoða hvað var verið að gera í endurvinnslunni.

Á hverjum degi var valinn einn á leikskólanum til að vera þjónn og veðurfræðingur. Hann gegnir því hlutverki að gá til veðurs, undirbúa kaffið og ganga frá.

21. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA

Skólastjóri skilar inn skýrslum um stöðu skólamála á hverjum fundi sem mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps heldur. Þær eru birtar hér að neðan í tímaröð.

21.1 1. ÁGÚST TIL 1. NÓVEMBER 2014

Skólastjóri mætti til starfa 5. ágúst og með þær gleðifréttir að búið væri að ráða kennara í 100% starf og taldist þá skólinn vera fullmannaður fyrir nýtt skólaár. Í skólanum starfa:

- Fimm grunnskólakennarar í 5 stöðugildum
- Einn leiðbeinandi í 0,6 stöðugildi
- Einn þroskajálfi í 0,9 stöðugildi
- Einn iðjubjálfi í 0,4 stöðugildi
- Tveir skólaliðar í 1,5 stöðugildi
- Fjórir stuðningsfulltrúar í 3 stöðugildum
- Tólmstundafulltrúi í 0,25 stöðugildi
- Deildarstjóri á leikskóla í 0,9 stöðugildi
- Fjórir starfsmenn á leikskóla í 3,2 stöðugildi
- Skólastjóri í 1 stöðugildi

Samtals 21 starfsmaður í 18,25 stöðugildum.

Byrjað var á að undirbúa stundaskrána. Skólastjóri fékk úthlutað allt að 155 kennslustundum á viku, en þegar upp var staðið voru nýttar 149 kennslustundir. Með það í huga var ákveðið að ráða inn Jóhönnu Ösp í 0,25% starf til að sinna skólaseli, vali og ýmsum verkefnum sem upp hafa komið. Hafa starfskraftar hennar komið að góðum notum.

Grunnskólanum er skipt niður í 4 bekkjardeildir.

- 1.-2. bekkur. 10 nemendur
- 3.-4. bekkur. 11 nemendur
- 5.-6. bekkur. 10 nemendur
- 7.-10. bekkur. 10 nemendur

Leikskólinn er ein deild með 16 nemendur en tvo hópa.

- Eldri deild (3-5 ára). 9 nemendur
- Yngri deild (1-2 ára). 7 nemendur

Starfsmenn leikskólans mættu til vinnu 11. ágúst og voru fyrstu tveir dagarnir notaðir til undirbúnings fyrir starf vetrarins. Fyrstu nemendur mættu svo í leikskólann 13. ágúst. Þrjú árgömul börn voru tekin inn í skólann. Aðlögun þeirra hefur tekist ágætlega, með einni undantekningu.

Kennarar mættu til starfa föstudaginn 15. ágúst. Ekki voru nein formleg námskeið heldur fengu kennarar og starfsmenn nægan tíma til að undirbúa vetrarstarfið.

Skólaasetning grunnskóladeildar var föstudaginn 22. ágúst. Þrír nýir nemendur komu í 1. bekk, einn í 6. bekk, einn í 9. bekk og einn í 10. bekk. Nemendur grunnskóladeildar eru 41 samtals.

Skólastarf byrjaði vel og virtust nemendur koma ágætlega undan sumri.

Námskeið

Ákveðið var að senda fjóra starfsmenn á námskeiðið „grunnám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa“ hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Á námskeiðinu eru einnig starfsmenn Grunnskólans á Hólmavík og hefur námskeiðið verið haldið sitt á hvað á Reykhólum og Hólmavík. Námskeiðið verður fram í lok nóvember eftir hádegi á fimmtudögum. Ávinningur af þessu námskeiði fyrir starfsmenn er að þeir fái meira sjálfstraust og það hvetji þá jafnvel til að fara í áframhaldandi nám. Kennarar á námskeiðinu eru nokkrir starfsmenn Reykhólaskóla ásamt kennurum frá Hólmavík.

Nám og gleði

Viðburðurinn Nám og gleði var haldinn í bókasafni Reykhólaskóla 10. september. Jóhanna Ösp var með örfyrirlestur um samskipti og kennarar og starfsmenn kynntu starf vetrarins. Foreldrar voru duglegir að mæta. Á eftir hélt foreldrafélagið sinn aðalfund í matsal skólans.

Tákn með tali (TMT)

Í skólanum eru tveir nemendur sem nota mikið tákn með tali og var því talið nauðsynlegt að þjálfar starfsmenn í því að nota tákn. En þegar farið var á stúfana til að athuga með námskeið fannst það út að skólastjóri hefði þurft að selja úr sér bæði nýrun til að fá námskeið. Því var brugðið á það ráð að nýta alla þá þekkingu sem til er innan veggja skólans og fá fjóra starfsmenn til að taka að sér að kenna hinum. Tvisvar í mánuði eru TMT-námskeið fyrir starfsmenn og fá umsjónarmenn hverju sinni greitt fyrir og skólastjóri heldur nýrunum.

Umhverfisvika

Umhverfisvika var haldin 15.-19. september. Það verður þó að viðurkennast að vikan féll svolítið í skuggann, þar sem mikið annað var að gera þessa vikuna. Tónlist fyrir alla var mánudaginn 15. september. Kómedíuleikhúsið var með leiksýningu í boði foreldrafélagsins þriðjudaginn 16. september og síðan var smaladagur 19. september. Þrátt fyrir allt þetta var reynt að hafa örlitla vitundarvakningu fyrir umhverfinu í formi fyrirlestra fyrir alla nemendur og umsjónarkennarar létu nemendur sína vinna að ákveðnum verkefnum. Búið var að áætla að fara í hina árlegu haustferð í þessari viku, en veðurguðirnir hafa ekki leikið við okkur og höfum við ekki komist enn. Stefnt er að því að fara í vetrarferð.

Samræmd próf

Samræmd próf voru vikuna 22.-26. september. Þrettán nemendur reyndu sig við samræmt próf, þ.e. einn nemandi í 10. bekk, sex nemendur í 7. bekk og sex nemendur í 4. bekk. Niðurstöður prófanna eru ekki komnar enn þannig að ekki er hægt að upplýsa um árangur.

Öfugsnúni dagurinn

Haldinn var öfugsnúni dagurinn föstudaginn 10. október, þar sem nemendur og kennarar mætu öfugsnúnir til vinnu. Dagurinn var mjög skemmtilegur.

Ungmennabúðir á Laugum

Á hverju ári fara nemendur 9. bekkjar í unglingabúðir að Laugum í Sælingsdal. Að þessu sinni fóru tveir nemendur í 9. bekk að Laugum vikuna 20.-24. október. Með í ferðinni voru Harpa Björk Eiríksdóttir sem fór fyrri hluta vikunnar og síðan tók Jóhanna Ösp við. Nemendur okkar voru til fyrirmyndar.

Sykurlaus september

Afleysingastarfsmaður kom í mötuneytið í september og var þá ákveðið að vera með sykurlausan september. Í fyrstu voru nemendur ekkert allt of kátir en voru síðan orðnir mjög ánægðir með þetta og sakna Maríu sárlega eftir að hún fór í nýtt starf hjá Reykhólahreppi.

Starfsmannamál á leikskólanum

Á leikskólanum starfa fimm starfsmenn, einn deildarstjóri og fjórir starfsmenn. Deildarstjórinn þurfti að hætta störfum vegna meðgöngu 1. október. Ekki er búið að ráða leikskólakennara/deildarstjóra í hennar stað en viðræður eru í gangi við leikskólakennara að koma inn 1. janúar 2015. Í stað deildarstjórans var ráðinn inn nýr starfsmaður tímabundið, Einar Kr. Sveinbjörnsson. Hann er tilbúinn að vera áfram ef finnst fyrir hann húsnæði.

Húsnæði leikskólans

Starfsmenn hafa orðið varir við stækkandi svarta bletti í kjallara leikskólans. Fenginn var starfsmaður frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Niðurstaðan var sú að mikill raki er í gólfpletinum og hugsanlegur grunur um myglu. Nauðsynlegt er að skoða þetta sem allra fyrst.

Tæki og tól Reykhólaskóla

Prentari Reykhólahrepps er orðinn úreltur og ekki fást viðeigandi varahlutir í hann. Því þurfti að kaupa nýjan prentara. Ákveðið var að kaupa fjölnotatæki, þar sem hægt

er að ljósrita og prenta í lit. Því var velt upp að selja ljósritunarvélina sem var til, en eftir íhugun var ákveðið að falla frá því.

Allir kennarar eru með nýjar tölvur og eru 7 nýjar tölvur í tölvuveri. Nauðsynlegt er að halda áfram að kaupa inn nýjan tæknibúnað. Skjávarpar í kennslustofur er eitthvað sem ætti að koma á næsta ári.

Hvað er framundan í Reykhólaskóla?

- Nemendum í grunnskóladeild fjölgaði um einn 3. nóv.
- Starfsdagar og vetrarfrí verða 6.-7. nóv.
- Foreldraviðtöl grunnskólabarna 12. nóv.
- Smiðjuhelgi fyrir nemendur í 8.-10. bekk á Kleppjárnsreykjum 14.-15. nóv.
- Foreldraviðtöl leikskólabarna vikuna 17.-21. nóv.
- Piparkökuhúsasamkeppni
- Fullveldishátíð Reykhólaskóla 28. nóv.
- Jólaboð fyrir foreldra leikskólabarna 10. des.

21.2 1. NÓVEMBER 2014 TIL 1. FEBRÚAR 2015

Starfsdagar

Á tímabilinu hafa verið tveir starfsdagar. Fyrri var 6. nóvembern sem var unninn 2. nóvember þar sem meirihluti starfsmanna var á leið til Glasgow. Unnið var við skráningar vegna annaskipta. Seinni dagurinn var 2. janúar þar sem starfsmenn grunn- og leikskólans voru með starfsdag. Unnið var að undirbúningi fyrir vorið.

Starfsmannamál

Breytingar hafa verið í starfsmannamálum. Lovísa starfsmaður í leikskóla fór í leyfi vegna fæðingarorlofs 15. desember. Ekki var ráðið í hennar stað þar sem von er á leikskólakennara. Fjóla stuðningsfulltrúi fór í veikindaleyfi og verður það út þetta skólaár. Vegna þess bætti Jóhanna Ösp við sig tímum og Herdís hefur verið eina

kennslustund á dag í stuðningi, auk þess sem Inna hefur skipt sér meira á milli bekkja. Leikskólakennarinn og sérkennarinn Bryndís Héðinsdóttir verður deildarstjóri leikskólans frá og með 9. febrúar. Við það verða breytingar og er hugsanlegt að Einar komi meira til starfa í grunnskólanum.

Nemendur

Núna um áramótin fjölgaði í 8. bekk um 100%. Nýr/gamall nemandi kom í skólann og tekur hann skólabíl frá Garpsdal. Á móti fækkaði nemendum í 9. bekk um 50% og fór sá nemandi í skóla til Mosfellsbæjar. Nemendur í Reykhólaskóla núna eru 42 og í leikskóla 16. Búið er að sækja um fyrir 2 nemendur núna í vor á leikskólanum.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl áttu að vera 12. nóvember en var frestað til 19. nóvember. Þau gengu vel. Foreldraviðtöl fóru fram í leikskólanum 14.-15. janúar. Sá starfsmenn hans um viðtölin og gekk það mjög vel.

Smiðjuhelgi

Nemendur í 8.-10. bekk fóru á smiðjuhelgi á Kleppjárnsreykjum. Nemendur velja sig í hópá og fá að spreyta sig á allskyns verkefnum, svo sem bakarasmíðju og járnsmíðju. Áslaug fór með hópinn og sá um akstur.

Þemavika – íslenska

Þemavika var 17.-21. nóvember. Ákveðið var að nota tækifærið og kynna fyrir nemendum hvernig jólin eru haldin annars staðar í heiminum. Fengum við gestafyrirlesara sem sögðu frá jólnum. Það voru þær Agnes, Ágústa og Harpa auk þess sem Anna Björg og Ásta Sjöfn sögðu frá sinni upplifun. Umsjónarkennarar voru síðan með kennsluna íslenskutengda þessa viku.

Sérfræðingaheimsókn

Sérfræðingarnir okkar þeir Elmar Þórðarson talmeinafræðingur og Brynjólfur G. Brynjólfsson sálfræðingur komu til okkar 20. nóvember. Nemendur í 1. bekk fóru í Tove Krogh könnun og komu nokkuð vel út. Einnig voru 2 nemendur lestrargreindir

og enn bætist í lesblinduhópinn í Reykhólaskóla. Skólastjóri telur það vera athugandi að fá sálfræðipjónustu oftár í sveitarfélagið. Gæti nýst nemendum og foreldrum vel.

Fullveldishátíð

Fullveldishátíðin var haldin 28. nóvember. Þema hennar voru jólin. Annað hvert ár er haldin piparkökuhúsasamkeppni hjá nemendum í 3.-10. bekk. Nemendur stóðu sig mjög vel og er mikill metnaður lagður í verkið. Allir nemendur fengu viðurkenningu auk þess sem flottasta húsið var valið. Dómarar voru Begga, Einar og Ágústa. Í framhaldi af því voru öll húsin send í piparkökuhúsakeppni hjá Húsaskjólum og lentu nemendur frá okkur í 3. sæti. Foreldrafélagið sá um veitingar eins og áður. Kvöldið var hin besta skemmtun.

Gideonfélagið

Félagið kom í sína árlegu heimsókn og gaf nemendum í 5. bekk Nýja testamentið. Skólastjóri hefur ákveðið að fara ekki sömu leið og Reykjavíkurborg, og leyfir gjafir til nemenda.

Jól í Reykhólaskóla

Sú hefð hefur skapast í skólanum, að allir nemendur horfa saman á jólamynd. Að þessu sinni varð myndin Miracle on 34th Street fyrir valinu. Skemmtileg mynd fyrir alla. Einnig var jólaföndrið í skólanum, þar sem við skiptum í fjórar stöðvar og nemendur föndra og hlusta á jólatónlist. Nemendur koma svo heim með afraksturinn. Litlu jól Reykhólaskóla voru 19. desember. Nemendur mættu þrjú kl. 08.30 og voru á stofujólunum og síðan var farið og dansað í kringum jólatré. Eftir það borðuðu nemendur og starfsmenn saman hangikjöt. Dregin var möndlugjöf. Dagurinn var mjög góður en hugsanlega var tíminn of langur. Stefnt er að því á næsta ári að láta hann vera kl. 9 til 12.

Grunnskólanemendur voru þá farnir í jólafrí til 5. janúar. Leikskólinn var opinn fram á Þorláksmessu og síðan lokaður milli jóla og nýárs.

Námskeið

Tveir kennarar fóru á grunnnámskeið í iPadkennslu og eru búnir að deila þeirri reynslu með okkur. Sandra Rún fór á námskeið fyrir iðjuþjálfra í skólafærni. Einnig var keyptur startpakki með. Þannig er nú auðveldara fyrir iðjuþjálfra að greina og aðstoða nemendur. Haldið er áfram með TMT í skólanum þar sem starfsmenn sjá um að uppfærða hver annan.

Skólabúðirnar á Reykjum

Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðir á Reykjum vikuna 19.-23. janúar. Ákveðið var að fá utanaðkomandi gæsluaðila, Torfa Sigurjónsson. Kom það betur út að fá hann í stað þess að senda kennara og þurfa að finna afleysingu fyrir hann. Vilberg sá um að koma mannskapnum á milli. Torfi stofnaði fésbókarsíðu þar sem foreldrar og kennarar gátu fylgst með, sem var bráðskemmtilegt.

Val

Í vetur hafa 3 kennarar og tólmstundarfulltrúinn verið með valtíma einu sinni í viku (á miðvikudögum kl. 14.20). Fyrirkomulagið er að hafa svokölluð örnámskeið sem standa í 3 vikur. Á þriggja vikna fresti fá nemendur að velja úr fjórum viðfangsefnum og þeim síðan skipti í hópa eftir því sem þau velja. Nú þegar er búið að halda ýmiskonar námskeið, svo sem björgunarsveitarmanninn, frjalsar íþróttir, útileiki, draumafangarann, lagt á borð, spilagaldra, spá í spil, ræðumennsku, hnýtingar, öskudagspokann, gera hárskraut og vinna úr verðlausu, svo að eitthvað sé nefnt.

Aftur til fortíðar

Þann 26. janúar var Aftur-til-fortíðar-dagurinn. Nemendur borðuðu þorramat í skólanum og fengu fræðslu hjá umsjónarkennara um það hvernig þessi tími var. Auk þess komu sumir nemendur með gamalt dót að heiman. Stefnt er að því að vera með fyrirlestur á góunni um gamla tíma og gömlu mánuðina. Á sama tíma var pabba- og afadagur á leikskólanum þar sem þeir voru boðnir velkomnir í heimsókn.

Húsnæði leikskólans

Starfsmenn hafa orðið varir við stækkandi svarta bletti í kjallara leikskólans. Fenginn var starfsmaður frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Niðurstaðan var sú að mikill raki er í gólfpletinum og hugsanlegur grunur um myglu. Nauðsynlegt er að skoða þetta sem allra fyrst. Ekki hefur komið nein niðurstaða til skólastjóra um hver staðan er á þessu máli.

Tæki og tól Reykhólaskóla

Prentarinn virkar mjög vel og er hann nánast í stanslausri notkun. Alveg frábær viðbót. Nú er til svolítið af tækjum í skólanum sem þarf að losa út, eins og gömul ljósritunarvél og prentarinn. Svólítið sorglegt að henda þessu, sem gæti nýst einhverjum öðrum. Búið er að panta tvo skjávarpa, tjald og upphengi og eigum við von á þeim á næstu dögum.

Skólaráð

Skólaráð hittist í fyrsta skipti í vetur, þar sem farið var yfir skyldur þess. Óskaði skólastjóri eftir álit ráðsins að breyta skóladagatali og var það samþykkt með öllum atkvæðum. Meðfylgjandi er fundargerð skólaráðs.

Hvað er framundan í Reykhólaskóla?

- 112-dagurinn verður 11. febrúar
- Annaskipti og starfsdagur kennara 16. febrúar
- Sérfræðingar Reykhólaskóla koma 17. febrúar
- Foreldraviðtöl í grunnskóla verða 19. febrúar
- Þemavika (Sturlungaöld) 23.-26. febrúar
- Árshátíð Reykhólaskóla 6. mars
- Smiðjuhelgi fyrir nemendur í 8.-10. bekk á Varmalandi 20.-21. mars
- Stóra upplestrarkeppnin verður haldin á Drangnesi 24. mars, frá okkur fara 6 keppendur
- Danskennsla á vegum Jón Péturs 23.-26. mars

21.3 1. FEBRÚAR TIL 7. APRÍL 2015

Starfsdagar

Á tímabilinu hafa verið tveir starfsdagar. Sá fyrri var 16. febrúar, þar unnu kennarar að kennsluáætlunum fyrir vorönnina ásamt því að vinna úr prófum. Það gekk þó illa að prófa hópinn þar sem mikið var um veikindi á miðönninni. Seinni starfsdagurinn var 7. apríl og var notaður að hluta til í hópavinnu hjá kennurum, í vinnumat og undirbúning fyrir komandi skóladaga.

Starfsmannamál

Nýr deildarstjóri tók við í leikskólanum, en það er Bryndís Héðinsdóttir. Við komu hennar hefur Einar farið í stuðning hjá 3.-4. bekk ásamt því að vera í leikskólanum.

Nemendur

Nemendafjöldi í grunnskólanum er sá sami. Nemendum í leikskólanum hefur fjölgað um tvo.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl voru 19. febrúar. Ekki náðist að afhenda foreldrum námsmátið þar sem mikið hafði verið um veikindi í janúar og febrúar. Kennarar hafa síðan sent foreldrum námsmátið eftir að búið var að prófa nemendur.

Smiðjuhelgi

Nemendur í 8.-10. bekk fóru á smiðjuhelgi á Varmalandi 20.-21. mars. Nemendur velja sig í hópa og fá að spreyta sig á allskyns verkefnum, svo sem bakarasmíðju og járnsmíðju. Áslaug fór með hópinn og sá um akstur.

Þemavika – Sturlungaöld

Þemavika var haldin 23.-27. febrúar. Viðfangsefnið var Sturlungaöld. Ástæða fyrir þessu vali var að til stóð að skólinn ætti að vera þátttakandi í verkefni um Sturlu Þórðarson. Því miður féll það verkefni niður en afraksturinn er til í skólanum. Viðfangsefnið var skemmtilegt og áhugavert. Afraksturinn var síðan sýndur á árshátíð Reykhólaskóla. Nemendur og starfsmenn stóðu sig frábærlega.

Sérfræðingaheimsókn

Sérfræðingarnir okkar þeir Elmar Þórðarson talmeinafræðingur og Brynjólfur G. Brynjólfsson sálfræðingur komu til okkar 19. mars. Nemendur í skólahóp fóru í mat og komu vel út. Tveir nemendur fóru í lestrargreiningu og enn bætist í dyslexíu-hópin okkar. Sálfræðingurinn okkar hafði einnig nóg að gera.

Árshátíð

Árshátíð Reykhólaskóla var haldin 6. mars og var þema hátíðarinnar víkingaöld og Sturlungaöld. Mikið af skemmtilegum og áhugaverðum atriðum voru sýnd. Nemendur stóðu sig frábærlega. Foreldrafélagið sá um kaffiveitingar að venju.

Danskennsla

Jón Pétur danskennari kom og kenndi dans 23.-26. mars. Þetta árið voru allir nemendur Reykhólaskóla skyldugir til að vera í dansi. Nemendum í tveimur elstu árgöngunum stóð til boða að vera með. Þetta endaði á flottri danssýningu þar sem nemendur sýndu hæfni sína og kenndu foreldrum sínum að dansa í stórum hópdans.

Stóra upplestarkeppnin

Keppnin var haldin á Drangnesi 24. mars. Sex nemendur frá Reykhólaskóla tók þátt og stóðu sig frábærlega. Ólafur Stefán fékk verðlaun fyrir 3. sætið.

Páskafri

Nemendur Reykhólaskóla fóru í páskafri 27. mars og mæta aftur í skóla 8. apríl.

Tæki og tól Reykhólaskóla

Búið er að panta tvo skjávarpa. Tjald og upphengi eru til í allar stofur. Er verið að vinna í að setja það upp.

Hvað er framundan í Reykhólaskóla?

- 27 kennsludagar eru eftir af skólaárinu
- Leikskólinn verður opinn til 26. júní og verða tveir starfsdagar þar á eftir
- Síðasti kennsludagur verður 19. maí
- Skólaslit Reykhólaskóla verða 28. maí. Fimm ára nemendur leikskóla-deildar verða einnig útskrifaðir þar.

21.4 TÍMABILIÐ 8. APRÍL TIL 30. JÚNÍ 2015

Nemendur mættu aftur í skólann hressir og sprækir eftir páskafrí. Ákveðið var að einbeita sér að því að klára það námsefni sem eftir var og lítið um uppbrotsdaga fram að skólaslitum. Við fengum samt nokkra góða gesti.

Handritasafn Árna Magnússonar

Við fengum í heimsókn Svanhildi Maríu Gunnarsdóttur sem sér um fræðslu um íslensku handritin hjá Árnastofnun. Nemendum í 5.-10. bekk stóð til boða að fylgjast með. Þau fengu að spreyta sig á að skrifa með bleki á kálfskinn og sjá hvernig blek var búið til áður fyrr og fleira. Mjög áhugavert og skemmtilegt.

Lögreglan kom í heimsókn

Nemendur í 1.-4. bekk fengu lögregluna í heimsókn. Þar var farið yfir helstu umferðarreglur og hvernig maður ætti að haga sér í umferðinni. Einnig var farið yfir hjólreiðar og helsta útbúnað fyrir hjólin.

Sumardagurinn fyrsti

Nemendur í 6.-10. bekk voru með fjölskyldudag sumardaginn fyrsta, sem nemendur og Jóhanna sáu um að skipuleggja og foreldrar lögðu sitt af mörkum. Dagurinn var hinn glæsilegasti.

Lyngbrekkuballið

Ballið var haldið að þessu sinni í Lyngbrekku 29. apríl. Tveir nemendur frá Reykhólaskóla fóru ásamt Jóhönnu Ösp. Stefnt er að því að halda Lyngbrekkuballið á Reykhólum að ári.

Vorhátíð leikskólans

Vorhátíð leikskólans átti að vera 13. maí. Ákveðið var að fresta henni fram í júní þar sem veðurguðirnir voru okkur ekki hliðhollir. Ekki reyndist veðrið vera kræsilegra í byrjun júní. Þar sem nemendum var farið að fækka verulega í leikskólanum stefnum við á að halda hausthátíð í ágúst eða byrjun september.

Próf og kannanir

Kennarar höfðu frjálsar hendur með hvenær þeir voru með kannanir og próf. Flestir voru þó með slíkt í síðustu kennsluvíkunni.

Húllumhæ-dagurinn

Að vanda er húllumhæ-dagurinn hjá okkur síðasta daginn, þar sem nemendur spreyta sig við ýmis verkefni og þrautir. Nemendum er skipt niður í 5 hópa. Dagskrá: 8.30-9.50 Eggjaþraut. Nemendur pakka inn egg. Skólastjórinn tekur síðan umbúðirnar og lætur falla niður af annarri hæð (nemendur stóðu sig frábærlega og ekkert egg brotnaði). Allir fengu sama efnið til að pakka egginu inn í.

10-11.30 Leiða vatn. Nemendur fengu afhent rör og áttu að sjá til þess að leggja rörið ákveðna vegalengd og vatn átti að komast þar í gegn án þess að leka (mikið hugvit til staðar hjá nemendum þegar þeir taka sig til).

11.30-12 Hver er hvað? Kennarar og starfsmenn komu með myndir af sér frá því að þau voru lítil og svo um fermingaraldur og haldin var keppni hver gæti þekkt mest.

12-13 Hádegisverður. Grill að hætti Ingvars og Hjalta.

13-15 Eurovision-forkeppnin. Nemendur hlustuðu á lögin 17 sem voru í sama riðli og Ísland. Þau dæmdu eftir því sem þeim fannst best og höfðu 7 lög af 10 rétt.

Skólaslit Reykhólaskóla

Skólaslitin voru í Reykhólakirkju fimmtudaginn 28. maí kl. 20. Að þessu sinni voru ekki bara nemendur grunnskólans útskrifaðir heldur líka nemendur í skólahóp leikskólans. Það fyrirkomulag kom mjög vel út og stefnt er að halda því áfram. Í leikskólanum voru útskrifuð 5 börn, Ásborg Styrmsdóttir, Bergrós Vilbergsdóttir, Smári Gilsfjörð Bjarkason, Vigdís Lilja Hjaltadóttir og Víkingur Þór Eggertsson. Einn nemandi í 10. bekk var útskrifaður og það var Ingimundur Mikael Ingimundarson.

Síðan var foreldrum og velunnurum boðið í Reykhólaskóla þar sem sýning var á munum nemenda í textíl, myndmennt og smíði. Nemendur leikskólans voru einnig með sýningu. Ingvar og Ólafía höfðu síðan veg og vanda af glæsilegu kaffihlaðborði fyrir nemendur og foreldra.

Starfsdagar grunnskóladeildar

Starfsdagar kennara voru 26.-29. maí. Kennarar voru að klára að ganga frá einkunnum og kennslustofum og sinna þeim störfum sem þarf að sinna á vorin. Bókaherbergi kennara var tekið í gegn og var þó nokkuð af gömlu bókum hent. Kennarar og starfsmenn grunnskólans voru síðan komnir í sumarfrí 1. júní. Skólastjóri verður áfram til 1. júlí. Stundaskrá fyrir næsta vetur er komin vel á veg. Gert er ráð fyrir að nemendur verði 62 næsta vetur, 14 í leikskóladeild og 48 í grunnskóladeild.

Leikskóladeild

Nemendum í leikskóladeild fækkað þó nokkuð þegar akstur grunnskólabarna hætti og er útlit fyrir að nemendur verða einungis tíu í júní. Einn starfsmaður fór í leyfi 10. maí og var fengin aukamanneskja til 19. maí eða þar til að skólabílaakstri var hætt. Síðasti dagur leikskólans verður 26. júní og eftir það verða tveir starfsdagar. Farið verður í ferð á Snæfellsnesið annan daginn. Leikskóli opnar aftur 12. ágúst.

Framkvæmdir við skólann

Búið er að endurnýja hitavatnsinnlögn við skólann. Búið er að bjóða út svæðið í kringum fótboltavöllinn og eiga verklok að vera í ágústbyrjun. Ein kennslustofa, tvær skrifstofur og kennarastofan voru dúkklagðar og málaðar. Keyptar verða innréttingar og nýjar gardínur fyrir skrifstofunum. Tölvustofan verður flutt úr bókasafninu yfir í gömlu tölvustofuna. Í byrjun ágúst á að brjóta upp gólfið í kjallaranum í leikskólanum til að koma í veg fyrir hugsanlega myglu sem er að myndast þar.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

22. ÞRÓUNARVERKEFNI

„Skólar á grænni grein“ er alþjóðlegt verkefni með það markmið að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á „græna grein“ í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö sem tíunduð eru hér að neðan. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Ekki hefur náðst að vinna í grænfánaverkefninu þennan vetur en markið er sett á að vera duglegri næsta haust. Vonandi náum við að flagga næsta vor.

Jafnréttisáætlun var unnin síðasta haust af skólastjóra. Hægt er að nálgast hana inni á heimasíðu skólans.

Skólapúlsinn var tekinn inn í skólann, þar sem viðhorf til skólans var kannað meðal foreldra og starfsmanna skólans. Ekki er búið að vinna úr könnunni. Verður það gert á næstu mánuðum og birt.

23. STUNDASKRÁR

Hér að neðan birtast stundaskrár allra bekkja og hópa skólaárið 2014-2015.

23.1 STUNDASKRÁ 1. OG 2. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón SOR	Umsjón SOR	Myndmennt RE	Umsjón SÓR	Umsjón SOR
09:10-09:50	Umsjón SOR	Umsjón SOR	Myndmennt RE	Umsjón SÓR	Umsjón SOR
10:00-10:40	Umsjón SÓR	1.b.Ísl. SÓR /2.b.Töl ABI	2.b.Ísl. SÓR /1.b.Töl ABI	Umsjón SÓR	Umsjón SOR
11:00-11:40	Tónmennt SÓR	Samf.fr. SG	Umsjón SÓR	Handm. SÓR	Samf.fr. SG
11:40-12:20	Íþróttir SG	Sund KÝI	Umsjón SÓR	Handm. SÓR	Enska ÁBG
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Samf.fr. SG	Skólasel	Heim ÁSK/Smíði RE	Námsver	
13:30-14:10	Skólasel	1.b. leik. /2.b.skólasel	Heim ÁSK/Smíði RE	Íþróttir KÝI	
14:20-15:00	Skólasel	1.b. leik. /2.b.skólasel	Val	2.b. leik. /1.b. skólasel	

23.2 STUNDASKRÁ 3. OG 4. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Samf.fr. ABI	Umsjón KÝI
09:10-09:50	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Íþróttir KÝI	Umsjón KÝI
10:00-10:40	Umsjón KÝI	Skólasel	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI
11:00-11:40	Íþróttir SG	Sund KÝI	3.b. Ísl. KÝI /4.b. Töl ABI	Umsjón KÝI	Enska ÁBG
11:40-12:20	Tónmennt SÓR	Myndmennt RE	4.b.Ísl. KÝI /3.b. Töl ABI	umsjón KÝI	Samf.fr. ABI
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Handmennt SÓR	Myndmennt RE	Heim ÁSK/Smíði RE	Námsver	
13:30-14:10	Handmennt SÓR	Heimanámstími JÖE	Heim ÁSK/Smíði RE	Skólasel	
14:20-15:00	Samf.fr. ABI	Skólasel	Val	Skólasel	

23.3 STUNDASKRÁ 5. OG 6. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Íþróttir SG	Myndmennt RE	Íþróttir SG	Íþróttir KÝI	Umsjón ABI
09:10-09:50	Umsjón ABI	Myndmennt RE	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Umsjón ABI
10:00-10:40	Umsjón ABI	Náttúrufr. SG	Smíði RE	Umsjón ABI	Umsjón ABI
11:00-11:40	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Smíði RE	Umsjón ABI	Umsjón ABI
11:40-12:20	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Náttúrufr. SG	Umsjón ABI	Náttúrufr. SG
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Tölvur ABI	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Námsver	
13:30-14:10	Heimilisfr. ÁSK	Sund KÝI	Umsjón ABI	Handmennt SÓR	
14:20-15:00	Heimilisfr. ÁSK	Heimanámstími J	Val	Handmennt SÓR	

23.4 STUNDASKRÁ 7. TIL 10. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Íþróttir SG	Umsjón SG	Íþróttir SG	Íþróttir KÝI	Enska ÁBG
09:10-09:50	Umsjón SG	Umsjón SG	Umsjón SG	Umsjón SG	Umsjón SG
10:00-10:40	Umsjón SG	Myndmennt RE	Umsjón SG	Umsjón SG	Umsjón SG
11:00-11:40	Náttúrufr. KÝI	Myndmennt RE	Danska ÁBG	7.b.isl SG/8-10.b.Dan	Handm. SÓR
11:40-12:20	Enska ÁBG	Umsjón SG	Enska ÁBG	Enska ÁBG	Handm. SÓR
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Danska ÁBG	Sund KÝI	Náttúrufr. KÝI	Námsver	
13:30-14:10	Tölvur SG	Heim ÁSK / smíði RE	Umsjón SG	Umsjón SG	
14:20-15:00	Umsjón SG	Heim ÁSK / smíði RE	Val	Náttúrufr. KÝI	

24. NIÐURSTÖÐUR

Skólaárið 2014-2015 var skemmtilegt og fjölbreytt. Skólastarfið gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig. Tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof í leikskólanum. Einn starfsmaður þurfti að hætta vegna veikinda. Einn kennari, einn leikskólakennari og einn leiðbeinandi í leikskólanum hófu störf við skólann og er alltaf gott að fá nýtt fólk og nýja sýn á starf skólans.

Margir skemmtilegir hlutir eru framundan og má þar nefna breytingar á skólalóðinni, sem er mjög kærkomið hjá nemendum og starfsmönnum.

Verið er að flytja tölvustofuna úr bókasafninu yfir í gamla tölvuverið. Búið er að mála og dúkleggja skrifstofur í skólanum og verið er að endurnýja kennarastofuna.